

Hveragerðisbær
b/t Guðmundur F. Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík 30. apríl 2019
UST201903-248/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulagsbreyting - Miðbær - Hveragerðisbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar barst 26.mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbæ Hveragerðisbæjar.

Í greinargerð kemur fram að markmið með breytingunum deiliskipulag miðbæjarins nái til allrar lóðar grunnskólans og viðbygging við Grunnskólann í Hveragerði og talið var hagkvæmast að gera breytingu á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis þannig að skólamörk og skólalóðin öll verði innan skipulagsreitsins.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til liggar að Varmá sem er á náttúruminjaskrá og nefnist Varmá og Ölfusfori og er númer 751 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á þann hátt að Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur auk þess mikið vísindalegt gildi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi fram í tillöggunni að Varmá sem er á náttúruminjaskrá er við skipulagssvæðið. Það er mat Umhverfisstofnunar að tillagan sem hér er kynnt hafi ekki áhrif á ánna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur